

# Framkvæmdaráðsfundur

22. mars 2007

Fundur framkvæmdaráðs SSA  
Hótel Loftleiðum 22. mars 2007 kl. 16.30

Fundur þessi er í tengslum við XXI. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.

## Fundarefni: Samstarf SSA og Eyþings.

Samráðsnefnd SSA og Eyþings (8.fundur)

Frá Eyþingi mættu Björn Ingimarsson formaður, Bergur Elías Ágústsson og Sigrún Björk Jakobsdóttir, ásamt Péttri Þór Jónassyni framkvæmdastjóra.

Frá SSA mættu Björn Hafþór Guðmundsson formaður og Ólafur Ármannsson, ásamt Þorvaldi Jóhannssyni framkvæmdastjóra. Guðmundur R. Gíslason boðar forföll.

### 1. Meginefni:

#### (a) Vatnajökulspjóðgarður.

Rætt var um þá gagnrýni sem komið hefur fram, m.a. frá Umhverfisstofnun, á stjórnunarfyrrkomulag þjóðgarðsins í nýsamþykktum lögum. Stjórnunarfyrrkomulagið er í samræmi við áherslur SSA og Eyþings um forræði heimamanna í stjórnsýslu þjóðgarðsins m.a. til að skapa nauðsynlega sátt um hann.

Bergur kynnti afstöðu sveitarstjórnar Norðurþings og bitra reynslu af samskiptum við stjórnvöld vegna þjóðgarðsins í Ásbyrgi. Lagði áherslu á að samráð við heimaðila væri grundvallaratriði.

Þorvaldur kynnti hugmyndir sem komið hafa fram um að Ferðamálasamtök Austurlands standi fyrir málþingi um Vatnajökulspjóðgarð í samstarfi við landshlutasamtökin og e.t.v. fleiri aðila. Samþykkt að leggja til að SSA og Eyþing leggi slíku málþingi lið. Pétur Þór mun taka málið upp við Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi.

#### (b) Málefni innflytjenda.

Þorvaldur kynnti verkefnið og skýrsluna „Svona gerum við – leiðir að fjölmenningarlegu samstarfi á Austurlandi“. Þrjú áhersluatriði standa upp úr, þ.e. íslenskukennsla, túlkaþjónusta og aðgangur að upplýsingum. Gerði grein fyrir hvernig hinir ýmsu aðilar s.s. sveitarfélögin koma að málinu. Fram kom að ekkert sveitarfélag á Austurlandi er búið að móta sér stefnu í innflytjendamálum. Unninn verður grunnur að sameiginlegri stefnu sem fyrsta skref.

Bergur gerði grein fyrir áætlun sem unnið er eftir í Norðurþingi og Sigrún gerði grein fyrir starfi Alþjóðastofu á Akureyri. Þá greindu Ólafur og Björn Hafþór frá aðstæðum í sínum sveitarfélögum og Björn Hafþór m.a. af eigin reynslu af íslenskukennslu fyrir innflytjendur.

Þorvaldur lýsti yfir vilja sínum til að koma norður í land á fund til að miðla upplýsingum úr verkefni SSA ef eftir verður leitað.

## **2. Önnur málefni til stuttrar umræðu og kynningar:**

### **(a) Landupplýsingagátt.**

Óskað hafði verið upplýsinga frá SSA um verkefnið sem unnið var af Inter-Map með stuðningi Byggðastofnunar. Áform hafa verið uppi um hliðstætt verkefni hjá Eyþingi frá árinu 2004, en Byggðastofnun ekki svarað erindum Eyþings.

Þorvaldur fór yfir samning um verkefnið, sem var lokið fyrri hluta árs 2004 og þótti takast vel. Rekstur „gáttarinnar“ var síðan falinn Markaðsstofu Austurlands, með samningi við Inter-map sem átti að vera ráðgjafi við rekstur kerfisins. Einnhvern vegin tókst Markaðsstofunni að klúðra verkefninu sem að hluta má skýra með því að framkvæmdastjóranskipti urðu hjá þeim skömmu síðar. Bent var á skemmtileg dæmi um kerfi Inter-Map hjá einstökum sveitarfélögum s.s. Vopnafirði og Garðabæ.

### **(b) Ferðaþjónusta – samstarfsfletir.**

Fram kom að svo virðist sem samstarf sé að aukast milli Norðaustur- og Austurlands. Til dæmis er talsvert um að hópum úr Norrænu sé beint í stutta hringi norður um til Mývatns. Spurningu var varpað fram um hvaða vit væri í því að hafa ekki samstarf um að taka á móti farþegum úr Norrænu.

Niðurstaða fundarmanna var að mikilvægt sé að ferðaþjónustuaðilar fyrir austan og norðan vinni saman. Leita þarf leiða til að leiða þessa aðila saman. Bent var á að málþing um Vatnajökulsþjóðgarð væri góð byrjun.

### **(c) Orku- og stóriðjumál.**

Rætt hvernig SSA geti stutt við áform um álver við Húsavík og virkjanir í Þingeyjarsýslu. Minnt á að á sínum tíma studdi Eyþing mjög ákveðið áform Austfirðinga um stóriðjuuppbyggingu.

Fram kom að vöktunarverkefnið svokallaða, um áhrif og áhrifasvæði stóriðjuframkvæmdanna á Austurlandi, hefði lent í hremmingum og ekki skilað því sem vænst var. Ný stjórn hefur verið sett yfir verkefnið og vonast er til að síðar á árinu komi upplýsingar frá því.

Rætt um mikilvæg byggðaáhrif stóriðjuverkefnisins fyrir austan og að þessi þáttur hafi orðið út undan í umræðunni.

### **(d) Fjarnám og tengsl við HA.**

Björn tók reynslusögu af einstaklingi á Þórshöfn sem hafði ætlað í leikskólakennaranám í fjarnámi við HA en var beint til KHÍ. Viss hluti af náminu fer fram í staðnámi. Krafa er um lágmarkshóp á hverjum stað í fjarnámi við HA.

Fundarmenn voru sammála um að beita sér fyrir því að fjarnámið við HA verði gert aðgengilegt fyrir minni staði á landsbyggðinni. Þorvaldur mun m.a. taka málið upp innan Þekkingarnets Austurlands, en HA er stofnaðili að Þekkingarnetinu.

## **3. Framtíðarsamstarf SSA og Eyþings.**

Fundarmenn voru sammála um að þjappa samstarfinu betur saman í framtíðinni heldur en gert hefur verið að undanfögnu. Ýmis mál eru þess eðlis að þessi tvö samtök í Norðausturkjördæmi hafi með sér nánara samstarf um framvindu þeirra. Minnt var á réttmætar ábendingar þingmanna kjördæmisins þar um, en þeir hafa mjög hvatt til aukins samstarfs Eyþings og SSA um ýmis mál.

Stefnt er að næsta samráðsfundi í Mývatnssveit í vor eða byrjun sumars.

Fundi slitið kl. 18:20. Pétur Þór Jónasson ritaði fundargerð.

Prentað af vef [www.ssa.is](http://www.ssa.is) þann 29. júlí 2010 klukkan 14:28.